



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. Velferðarnefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2024
Mál nr. M2024-0073

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu, 38. mál 154. löggjafarþings

Ofangreind tillaga er lögð fram að öðru sinni, en áður var hún lögð fyrir á fyrra löggjafarþingi. Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) sendi inn umsögn við þá meðferð, dags. 19. október 2022 þar sem tillagan var talin jákvæð og því henni veittur stuðningur þó með nokkrum athugasemdum.

Að meginefninu til er sú umsögn hér ítrekuð. Vert er þó að taka upp nokkrar athugasemdir, bæði frá fyrri umsögn en aðrar nýjar. Líkt og fram hefur komið er nú þegar í gildi samkomulag ASÍ og SA um fjarvinnu frá árinu 2006, en þeim samningi er gert að vera leiðsögn þegar samið er um fjarvinnu á íslenskum vinnumarkaði og við framkvæmd hennar. Meginstef samningsins er að réttindi þeirra sem starfa við fjarvinnu skulu á engan hátt verða síðri en hjá þeim sem starfa á reglubundinni starfsstöð. Kjarasamningsákvæði gilda áfram og ítarleg vinnu- og vinnuverndarlöggjöf.

Rétt er að í heimsfaraldrinum Covid-19 jókst heimavinna mikið vegna samkomutakmarkanna. Í flestum tilfellum var ekki um val að ræða, heldur nauðsyn. Frá sama tíma hafa orðið miklar og hraðar tækniframfarir. Margir tóku upp fjarvinnustefnur eða héldu áfram fjarvinnu eftir að samkomutakmarkanir féllu úr gildi. Það er þó svo að fjarvinna hófst löngu áður, sbr. t.d. framangreint samkomulag frá 2006. Því er sú athugasemd ítrekuð sem kom fram í fyrri umsögn, án þess að tekið hafi verið tillit til hennar að nauðsynlegt. Um fordæmalaus tíma var að ræða þar sem mikið mæddi á samfélaginu, fullorðnum sem og börnum. Það tímabil sem uppi var er erfitt til viðmiðs þegar kanna á sérstaklega áhrif fjarvinnu á afstöðu og líðan fólks.

Þá hafa verið uppi áhyggjuraddir hér- og erlendis á áhrif fjarvinnu á skil á milli heimilis- og vinnulífs. Erfitt getur reynst að skilgreina fjarvinnutíma og með auknum umsvifum og framþróun í tæknimálum er enn erfiðara fyrir fólk að aftengjast að fullu vinnu utan eiginlegrar vinnuskyldu. Vísast hér til rannsóknar á vegum Eurofound og ILO á áhrif fjarvinnu og tækniframfara á vinnuumhverfi fólks.¹ Umrædd rannsókn er frá árinu 2017, þó nokkuð áður en heimsfaraldur reið hér yfir. Það veldur áhyggjum að rannsóknir hafi byrjað að benda í neikvæðar áttir þó nokkuð áður en fjarvinna jókst umtalsvert og tækniframfarir urðu hraðari en nokkru fyrr.

Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að fjarvinna hefur einnig áhrif á jafnræði kynjanna. Rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum fjarvinnu á sálfélagslega líðan fólks og vinnutíma og skil á milli heimilis- og vinnulífs. Rannsóknir benda nokkuð örugglega til þess að upplifun kvenna er langt um verri en upplifanir karla á heimavinnu sem er hluti af fjarvinnu. Konur upplifðu mun meira

¹ <https://www.eurofound.europa.eu/en/publications/2017/working-anytime-anywhere-effects-world-work>



álag við heimavinnu, lengri vinnutíma og aukna "ólaunaða" vinnu vegna heimilisins.² Þó er önnur hlið jafnréttis sem jákvæðari er vegna fjarvinnu, en það er að fjarvinna getur stuðlað að jafnari möguleikum til atvinnuþátttöku. Má þar helst nefna þeir hópar sem ekki hafa fulla vinnufærni og/eða búa utan byggðar. Slíkt er eðlilega gríðarlega jákvætt enda um fjölmennan hóp að ræða.

Tillaga sú sem er til umsagnar fjallar að meginefninu til um hversu jákvæð fjarvinna er, á meðan skautað er fram hjá neikvæðum hliðum þess. Mikilvægt er þó að huga vandlega að heildarmyndinni og kanna færar leiðir, kosti og galla fjarvinnustefnu. Vandasamt hagsmunamat er fram undan þar sem taka þarf tillit til allra hópa á vinnumarkaði, sérstaklega minnihlutahópa. Jafnframt þarf að taka inn í matið áhrif á náttúru og að réttlát umskipti verði höfð að leiðarljósi. Fjarvinna ætti að meginstefnu til að vera valkvæð og nálgun þess á engan hátt að hafa neikvæð áhrif á kynjabaráttu, baráttu fatlaðra, innflytjenda og annarra viðkvæmra hópa að inngildandi og réttlátum vinnumarkaði og að viðhöfð verði mikilvægi marka heimilis og vinnu.

Þrátt fyrir að meginefni umsagnar þessar lúti að neikvæðum áhrifum fjarvinnu, er þó ljóst að margt jákvætt getur fylgt slíkri vinnu. Slíkt er ASÍ meðvitað um og því síður en svo á móti slíku vinnuformi. Í þingsályktunartillögu er jákvæðum áhrifum gerð góð skil og er tekið undir þau atriði heilshugar. Ítrekað er að ASÍ tekur undir og styður gerð vandaðrar fjarvinnustefnu. Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar ASÍ.

Virðingarfyllt,
F.h. Alþýðusambands Íslands


Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfr. ASÍ

² <https://link.springer.com/article/10.1007/s12147-022-09302-0>
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC9453567/>
<https://www.eurofound.europa.eu/en/publications/2022/covid-19-pandemic-and-gender-divide-work-and-home>